

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík 1992.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Bolungarvík sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað, skal vera kr. 8 500 á ári frá 1. mars 1992 til 28. febrúar 1993.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 4 400 í fyrsta skipti, kr. 8 800 í annað skipti og kr. 13 200 í þriðja skipti frá 1. mars 1992 til 28. febrúar 1993.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. apríl 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 142

13. apríl 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að ferming/afferming á Laugavegi, Bankastræti og Austurstræti verði leyfð frá kl. 08.00 til 12.00 virka daga, en ekki til kl. 11.00 eins og nú er.

Auglýsing þessi tekur gildi 5. maí 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. apríl 1992.

Böðvar Bragason.

Nr. 143

13. apríl 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Skuggasund.

Auglýsing þessi tekur gildi 5. maí 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. apríl 1992.

Böðvar Bragason.